

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfa-deildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29 júní 1995.

Páll Pétursson.

Elín Sigrún Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 254 28. apríl 1995 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.